

**Flensborgarskólinn í Hafnarfirði (FLB), kt. 611175-1919 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:**

**1. Tilgangur**

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig Flensborgarskólinn uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

**2. Hlutverk og megináherslur**

Flensborgarskólinn er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi Flensborgarskólans þjóna því.

Stefna og hlutverk Flensborgarskólans:

Í Hafnarfirði starfa fjölmargir að skóla- og velferðarmálum. Starfsfólk Flensborgarskólans er hlekkur í þeirri keðju og hefur að leiðarljósi að hlúa að nemendum, námsmöguleikum þeirra og velferð. Flensborgarskólinn gegnir því mikilvægu hlutverki í bæjarlífinu. Flensborgarskólinn er skóli fyrir alla, bóknámsskóli, sem gerir sitt til að styðja þá sem til hans leita. Að auki er áhersla lögð á að reka starfsbraut og heilsueflandi framhaldsskóla, starfrækja kór, halda úti samstarfi um íþróttaaufrekssvið skólans, byggja upp fjölmiðladeild sem heldur úti raunverulegu fjölmiðlastarfi og vinna að samfélagslegum verkefnum, s.s. Flensborgarhlaupi, Hafnarfjörður á iði o.fl.

Einkunnarorð skólans eru þekking – þjálfun – þroski

Þekking – Við aðstoðum nemendur okkar við að afla sér þekkingar með faglegum vinnubrögðum þar sem heiðarleg, leitandi og skapandi hugsun leiðir okkur áfram.

Þjálfun – Við þjálfum nemendur okkar í að beita þekkingunni, eflum leikni þeirra og hæfni með lýðræðislegum vinnubrögðum þar sem allir koma fram af gagnkvæmri virðingu og vinna af samheldni í fjölbreyttu samfélagi.

Þroski – Við leggjum áherslu á að þróa okkur og þroska, sérstaklega til að skilja gangverk samfélagsins, ábyrgð okkar og réttindi, gagnvart eigin heilsu og annarra sem og gagnvart umhverfi okkar.

„Flensborgarskólinn í Hafnarfirði er leiðandi framhaldsskóli, sem veitir nemendum sínum tækifæri til þekkingaröflunar, þjálfunar og þroska.“

Flensborg – fyrst og fremst

Skipurit skólans er að finna í almennum hluta námsvísis.

### 3. Viðfangsefni

Flensborgarskólinn stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

#### a. Skólanámskrá og námsframboð

Skólanámskrá er birt hér: <http://www.flensborg.is/Namid/Namsvisir/>

Námsbrautir í boði eru sem hér segir:

Almenn námsbraut	AN2*
Félagsfræðibraut 140 ein.	FÉ, FÉ-ÍA, FÉ-ÍÞ (þrjár leiðir)**
Viðskipta- og hagfræðibraut 140 ein.	VH, VH-ÍA, VH-ÍÞ (þrjár leiðir)**
Málabraut 140 ein.	MB, MB-ÍA, MB-ÍÞ (þrjár leiðir)**
Náttúrufræðibraut 140 ein.	NÁ, NÁ-ÍA, NÁ-ÍÞ (þrjár leiðir)**

Starfsbraut / sérnámsbraut	ST
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	GUF
Fjölmiðlataekni	FM***
Viðskiptabraut - tveggja ára	VI
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	VSS

\* AN2 er skammstöfun almennrar brautar fyrir nemendur sem þurfa upprifjun í einhverjum samræmdum greinum grunnskólaprófs.

\*\* ÍA er skammstöfun fyrir íþróttaafrækssvið og ÍB er skammstöfun fyrir íþróttasvið.

\*\*\*Fyrir nemendur sem lokið hafa upplýsinga- og fjölmiðlabraut.

### b. Skólabragur

Stöðugt er unnið að eflingu skólabrags og í þeirri vinnu er verkefnið Heilsueflandi framhaldskóli grundvallarþáttur. Skólinn hefur þegar þróað og farið í gegnum áhersluþættina næringu og hreyfingu innan verkefnisins. Þema skólaársins 2012-13 er geðrækt auk næringar og hreyfingar. Meðal þess sem gert hefur verið á yfirstandandi skólaári er að bjóða námskeið í gjörhygli (mindfulness), jóga o.fl. auk fleiri verkefna. Þá hafa verið almennar umræður um leiðarljós, eins og sjá má á vef skólans o.fl. Þema næsta skólaárs er lífsstíll og þá hefur fyrsta hring verkefnisins verið lokað. Á hverju ári er, auk áhersluþáttar, haldið áfram með áherslu fyrri ára þannig að á yfirstandandi skólaári er unnið með geðrækt auk næringar og hreyfingar.

### c. Innritun og brotthvarf

Innritunarreglur má finna hér: [http://www.flensborg.is/Namid/Ums%\*c\*3%\*b\*3knir/](http://www.flensborg.is/Namid/Ums%c3%b3knir/)

### d. Kennslufyrirkomulag

Flensborgarskólinn starfar eftir áfangakerfi. Á hverri önn hafa nemendur möguleika á að velja sér fjölbreytilega námshópa.

Kennslugreinarnar eru fjölmargar og með ólíkar áherslur þannig að verkefni nemenda eru fjölbreytt. Hér má nefna fyrirlestra kennara og nemenda, tilraunir, ritgerðarsmiðar, verklegar æfingar, umræður, dæmatíma, vettvangsferðir og þannig mætti lengi telja. Sérstök áhersla er á að nýta upplýsingatæknina í öllu námi.

Kennarar meta eftir aðstæðum hverju sinni hvaða kennsluáðferð er heppilegust.

Kennsluáðferðir skulu taka mið af stefnu skólans, umhverfi og áherslum á hverjum tíma og hafa það að markmiði að hvetja nemendur til náms og rækta eiginleika hvers og eins.

### e. Nemendur með sérþarfir

Í Flensborgarskólanum er unnið að því að koma til móts við nemendur á þeirra forsendum. Í boði eru tvær leiðir fyrir nemendur með fötlun og mismunandi raskanir eða skerðingar. Nemendur velja þá leið sem þeim hentar miðað við forsendur þeirra í námi og fyrirbyggjandi greiningu á námsvanda.

I. Nemendur með fötlun, nemendur með lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika sem og langveikir nemendur, geta sótt um sérúræði í tengslum við kennslu, verkefnaskil og próftöku. Áður en nemandi fær slíka þjónustu þarf að liggja til grundvallar faglegt mat frá sérfræðingi og skal því skilað til sérkennsluráðgjafa eða námsráðgjafa skólans.

Þessir nemendur fá sjálfkrafa:

- aðgang að Blindrabókasafni Íslands, hljóðbækur,
- lengri próftíma.

Þeir geta einnig sótt um t.d.:

- ljósritaðar glærur frá kennurum,
- notkun hjálpargagna, s.s. tölvu eða próf lesin á hljóðsnældur,
- munnleg próf,
- sérstofu/fámenna stofu í prófum.

II. Nemendur með fötlun og sértæka námsörðugleika geta sótt um nám á starfsbraut. Á starfsbraut fer fram sérhæft einstaklingsmiðað námstilboð fyrir nemendur sem þurfa sérkennslu og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Nemendur starfsbrautar stunda að mestu leyti nám á starfsbraut en geta þó jafnframt stundað nám á öðrum sviðum/brautum skólans.

Sérstakur umsóknarfrestur er um nám á starfsbraut og er hann yfirleitt fyrr en á öðrum brautum.

Sérstök móttökuáætlun er til fyrir nemendur starfsbrautar.

### Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku Í reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku segir að framhaldsskólar skuli setja

sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Þar er tekið fram að áætlunin skuli taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni, færni á öðrum námssviðum og af þeirri kennslu og stuðningi sem veitt er. Ítarlegri umfjöllun er á vef skólans.

#### **f. Mat og eftirlit með gæðum**

Sjá um sjálfsmat: <http://www.flensburg.is/Skolinn/Sjalfsmat/>

Aldrei hefur farið fram ytra mat á skólanum.

#### **4. Sérstök rekstrarverkefni**

Engin

#### **5. Markmið og tímabundin verkefni**

##### **a. Markmið**

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

##### **b. Tímabundin verkefni**

Tímabundin verkefni FE styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.

#### **6. Samskipti**

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur FLB. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

##### **a. Flensborgarskólinn**

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um



innra mat á næstliðnu (skóla)ári.

- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykka áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum fráviks og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

#### **b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á

reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.

- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

## 7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2015.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

*Reykjavík 24/2 2013*  
Staður og dagsetning

*Katla Jakubsdóttir*  
Mennta- og menningarmálaráðherra

*Ólafur Þorvaldur Þorsson*  
Skólameistari